

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000. Í samningnum er meðal annars kveðið á um það nýmæli að færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri vertíð innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Árni R. Arnason.

Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

Vilhjálmur Egilsson.

Sighvatur Björgvinsson.

Steingrímur J. Sigfússon.